



Gildi hússins er ótvírætt, segtir Ólöf Kristín safnstjóri.

Morgunblaðið/Árni Seberg

Engin logn-molla á Kjarvalsstöðum

Fimmtíu ár eru frá því Kjarvalsstaðir voru vígðir, fyrsta byggingin hérlandis sem hönnuð er sérstaklega fyrir myndlist. Afmælisins er minnst með ýmsum hætti.

Kolbrún Berghórsdóttir kolbrun@mbli.is

Hálft öld er frá því Kjarvalsstaðir voru vígðir. Af því tilefni stendur nú yfir á Kjarvalsstöðum sýningin *Kviksjá: Íslensk myndlist á 20. öld*. *Kviksjá: Íslensk myndlist á 21. öld*

verður í Hafnarhúsinu í júní en þar stendur nú yfir sýningin *Kviksjá: Alþjóðleg safneign* þar sem sjá má úrval verka eftir erlenda listamenn sem eiga sér alþjóðlegan feril. Ólöf Kristín Sigurðardóttir er safnstjóri Listasafn Reykjavíkur,

sem rekið er á þremur stöðum, á Kjarvalsstöðum, í Hafnarhúsinu og Ásmundarsafni. Blaðamaður mælti sér mót við hana til að ræða sögu Kjarvalsstaða og þá þróun sem orðið hefur á starfinu frá því húsið var vígt.

Kjarval á opunarsýningu
Reykjavíkuborg ákvað á sínum tíma í tilefni áttæðisafmælis Kjarvals að láta reisa hús fyrir myndlist. Kjarval tók fyrstu skóflustunguna á 180 ára afmæli Reykjavíkurborgar 1966 og lokið var við húsið 1973. Þá var listamaðurinn fallinn frá. Opunarsýningin 24. mars 1973 var stór sýning á verkum Kjarvals í báðum söllum.

Kjarvalsstaðir eru ákaflega fallett hús og þangað finnst fólki gott að koma. „Hönnun hússins var gerð með það í huga að starfsemin yrði tvískipt, annars vegar sýningar á listaverkæign Reykjavíkurborgar, einkum Kjarval, og hins vegar fyrir sýningar á vegum Félags íslenskra myndlistarmanna. Þetta fyrirkomulag var um tíma en síðan var FÍM borgað út úr stafseminni og keypti sér eigin sal annars staðar í borginni,“ segir Ólöf Kristín. „Gildi hússins er ótvírætt því þar skapaðist tækifæri fyrir almenning að njóta myndlistar og fyrir listamenn að koma verkum sínum á framfæri.

Það er gaman að lesa inngang þáverandi borgarstjóra Birgis Ísleifs Gunnarssonar í sýningarskrá fyrstu sýningarinnar þar sem hann segir að í þetta hús eigi að vera gott að koma en hér eigi ekki að ríkjja lognmolla.

Menn þurfa að hafa þetta að leiðarljósi. Þótt það sé ánægjulegt að koma og njóta dvalarinnar hér á

Mín afstaða er að við getum þakkað fyrir að hafa þennan arkitektúr óskaddaðan eins og hann er og að arkitek hússins, Hannes Kr. Davíðsson, hafi staðið vörð um höfundarverk sitt.

Kjarvalsstöðum þá eiga sýningarnar að hreyfa við fólki, á hvaða hátt sem það er,“ segir Ólöf Kristín.

Einstök hönnun

Það kemur kannski nokkuð á óvart að deilt var um arkitektúr þessa merka húss. „Þetta er bygging sem er talin vera mjög gott dæmi um norrænan mótternisma í íslenskri byggingalist,“ segir Ólöf Kristín. „Hönnun hússins er einstök og hefur á sínum tíma markað tímamót hvað það varðar að sýna myndlist hér á landi.

Salirnir eru enn í dag með stærstu sýningasölum landsins, í þeim eru engar sölur en eitt

af því sem er eftirtektarvert við bygginguna er að þakið hvílir á söllum sem eru fyrir utan sýningarsalina.

Loftið er snilldarleg hönnun. Þakgluggar eru á húsinu sem skapa ofanbirtu en loftið brýtur ljósið þannig að bein dagsbirta fellur aldrei á listaverkin. Loftið var mjög umdeilt, mörgum úr myndlistargeiranum, og örugglega fleirum, þótti loftið vera of frekt, það tæki of mikið til sín og hefði of mikil áhrif á myndlistina. Arkitektúrinn bærir þannig myndlistina ofurliði.

Þessar deilur fóru fyrir dómstóla þar sem látið var reyna á hvort það mætti taka loftið niður. Handhafar höfundarréttar unnu málið í Hæstarétti, en þetta var fyrsta málið þar sem dæmt var um höf-



Birgir Ísleifur Gunnarsson borgarstjóri og Kristján Eldjárn forseti skoða Kjarvalssýninguna við opnun hússins ásamt arkitekti hússins, Hannesi Kr. Davíðssyni.

Mynd/Ljósmyndasafn Reykjavíkur





Morgunblaðið, 26.03.2023, síðu 18
grein stærð: 537.61 sm2
grein hæð: 37.76 sm



Mynd/Ljósmyndasafn Reykjavíkur

samþykktum, árið 1984, kemur fram krafa um virka stofnun með sýningum, rannsóknum, útgáfum og söfnun og þar að auki fjöl-breyttari menningarstarfsemi. Upp úr 1990 þróaðist starfsemin í þá átt að sýningar eru ýmist unnar af safninu eða boðsýningar og ber safnstjóri ábyrgð á sýningastefn-unni. Á þessum tíma voru líka tek-in fyrstu skrefin í þá átt að miðla viðfangsefnum sýninga og fræða um myndlistina. Núna er staðan þannig að við greiðum listamönn-um fyrir að sýna í húsunum, sem er kúvending frá því sem var og mikið framfaraskref.“

Ýmiss konar þróun hefur því orðið á þeim áratugum frá því húsið var vígt. „Starfsemin hefur þróast frá því að vera passív upplifun á verkum listamanna yfir í það að fólk gerir kröfur um að safnið mæti gestum með vandaðri upplýsingagjöf, textum, leiðsögn-um og annarri miðlun. Almenn-t sækist fólk eftir innihaldrikri

heimsókn hvort sem innihaldið er sótt í myndlistina eða félagsskap samferðafólks og kaffibollann. Íslenskir listunndur bera okkur saman við það sem þeir upplifa annars staðar í heiminum auk þess sem stór hluti gesta eru erlendir ferðamenn,“ segir Ólöf Kristín. „Á þessari hálfu öld hefur þróast það starf sem Listasafn Reykjavíkur stendur fyrir hér á Kjarvalsstöð-um, í Hafnarhúsinu og Ás-mundarsafni. Við sýnum bæði inn-lenda og erlenda myndlist, miðlum og stöndum fyrir ýmiss konar viðburðum til að koma til móts við ólíka hópa, stundum rannsóknir, söfnum og varðveitum listaverk í eigu Reykjavíkurborgar.“

Kosið um uppáhaldsverk

Eins og nefnt var í upphafi standa nú yfir afmælistýningar á Kjarvalsstöðum og í Hafnarhúsinu. Fleira stendur til enda af nógu að taka því safnkosturinn er veglegur, rúmlega 17.000 verk, teikningar,

skissur, málverk, skúlptúrar, inn-setningar, vídeóverk og fleira. „Við ætlum að nota þetta ár til að vekja athygli á safnkostinum og sýna hann eins mikið og mögulegt er,“ segir Ólöf Kristín. „Til þess ætlum við að fara ýmsar leiðir og vonum að við náum til sem flestra. Á menningarnótt opnum við sýningu á verkum sem almenningur hefur valið. Við gefum fólki tækifæri til að nýta vefinn á heimasíðunni okkar þar sem komið verður upp kosningakerfi þar sem fólk getur kosið sín uppáhaldsverk. Vinsælu-stu verkin rata síðan á sýninguna. Við erum svo að vinna skemmti-lega sjónvarpsþáttaseríu með Rúv þar sem við fáum alls konar fólk til að velja sér verk úr safneigninni og fjalla um það á persónulegan hátt. Síðast en ekki síst mun Lista-safn Reykjavíkur gefa út rit sem segir frá þeirri mögnuðu þróun sem safnið hefur gengið í gegnum á þeim 50 árum sem liðin eru frá vígslu Kjarvalsstaða.“



Morgunblaðið/Árni Sæberg

undarrétt arkitekts fyrir íslenskum dómstólum,“ segir Ólöf Kristín og bætir við: „Mín afstaða er að við getum þakkað fyrir að hafa þennan arkitektúr óskaddaðan eins og hann er og að arkitekt hússins Hannes Kr. Davíðsson hafi staðið vörð um höfundarverk sitt.“

Innihaldsrík heimsókn

Þetta eru ekki einu deilurnar tengdar Kjarvalsstöðum. Bæði

hafa komið upp deilur um val á listamönnum á sýningar og hvernig staðið væri að því vali. „Í áranna rás hafa menn alls ekki verið sammála um það hverjir fá að sýna og hvernig þeir eru valdir. Listamenn sem vildu sýna gátu leigt salina og kostuðu það alfarið sjálfir. Enda í samþykktum talað um að í húsinu skyldi vera aðstaða til sýninga, eða með öðrum orðum afstöðulaus umgjörð. Í nýjum